

AUGLÝSING

um deiliskipulag Möðrudals, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 5. apríl 2017 deiliskipulag Möðrudals sem samþykkt var í umhverfis- og framkvæmdanefnd þann 23. mars 2017.

Skipulagssvæðið er 13,0 ha land á bæjarstæði Möðrudals á Fjöllum, 14,4 ha lands á svæði vatnsaflsvirkjunar í Sauða um 1,8 km austan við Möðrudal og 3,3 ha svæði við flugvöll 1,0 km norðvestan við bæjarstæði. Skipulagssvæðin eru ekki innan þjóðlendumarka.

Samkvæmt aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028, dags. 27. október 2009, er svæðið skilgreint sem blönduð landnotkun, landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

Tillaga að deiliskipulagi Möðrudals var auglýst á tímabilinu 23. júní 2016 til 11. nóvember 2016.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 31. maí 2017.

Vífill Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2017